

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2014


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum– þskj. 2.

Við er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, sbr. þingskjal nr. 2. Efni frumvarpsins lýtur aðallega að tveimur meginþáttum, þ.e. afnámi vörugjalda og einföldun neysluskatta. Félag atvinnurekenda hefur talað fyrir umræddum breytingum og fagnar því frumvarpinu enda orðið tímabært að breytingar verði á núgildandi skattaumhverfi til einföldunar.

Bæði núverandi vörugjalds- og virðisaukaskattskerfi eru nú óhagkvæm og flókin í framkvæmd. Það er því mikilvægt þau séu einfölduð og efni frumvarpsins jákvætt skref í þá átt. Ennfremur ber að nefna að vörugjaldskerfið, eins og það er útfært í lögum nr. 97/1987, hefur lengi þótt ósanngjarn í framkvæmd enda felur það í sér skattheimtu sem er handahófskennd og mismunar vöruflokkum og atvinnugreinum. Afnáam þessara gjalda er skref í þá átt að gera skattkerfið hagkvæmt og gegnsætt. Ekki er síður mikilvægt að afnema svokallaðan sykurskatt sem ekki hefur skilað tilætluðum árangri til stýringar á neyslumynstri Íslendinga heldur einungis verið til þess fallinn að hækka matvælavæð og gera skattheimtu ógegnisærri og þyngri í vöfum. Félag atvinnurekenda benti á galla innheimtu þessa sykurskatts í aðdraganda þess að hann var innleiddur í vörugjaldalögin árið 2012 og fagnar því félagið þeim áætlunum að afnema skattinn.

Félag atvinnurekenda mælir með því að umrætt frumvarp verði samþykkt en áskilur sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA